

Námsáætlun fyrir textílmennt - 4. bekkur
skólaárið 2025 – 2026



Kennari: Birna Petrína Sigurgeirsdóttir

Tíma fjöldi: 2 kennslustundir á viku einn þriðja af skólaárinu.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Verklag	-getur notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum -unnið úr nokkrum gerðum textílefna -unnið eftir einföldum leiðbeiningum -gengið frá eftir vinnu sína - beitt líkamanum rétt við vinnu sína	Vélsaumur - nemendur fá kennslu í umhirðu saumavéla og vinna þjálfunarverkefni í pappír. Sníða og sauma bangsa úr flísefni. Krosssaumur - sauma útsaumsmynd í java með perlugarni og nota sem skreyti á púða. Blautþæfing - þæfa ullarkembu og nota sem púðaborð eða textílverk Nemendur ganga frá eftir sig í lok hvers tíma.	Kennari sinnir leiðsagnarmati við verkefnavinnu nemenda. Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.
Sköpun, hönnun og tækni	-tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu -skreytt textílvinnu á einfaldan og skapandi hátt -geta notað nokkur hugtök sem tengjast greininni -geta nýtt ýmsa miðla til að afla einfaldra hugmynda	Bangsaverkefni- nemendur hanna og sauma föt og fylgihluti fyrir bangsann. Sauma púða í saumavélinni og nota útsaum sem skreyti. Notast er við netmiðla og bækur við hugmyndavinnu og upplýsingaöflun	Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.

Menning og umhverfi	-geta fjallað um íslenskt hráefni og unnið með það á einfaldan hátt -geta greint nokkur einkenni íslensks handverks í textílvinnu -geta gert grein fyrir nokkrum tegundum textílefna -notað ný og endurunnin efni í textílvinnu	Nemendur læra um íslensku ullina og helstu eiginleika hennar. Kynning og umræður um íslenska þjóðbúninginn og gildi hans. Umræður um munstur og fatnað úr íslenska lopanum. Nemendur vinna með flísefni, bómull og ull í verkefnum sínum. Fatnaður og fylgihlutir á bangsann eru saumaðir úr afgangsefni.	Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum. Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.
Námsgögn: Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstöfum og safna þannig á hæfnikort sitt.			